

## Lög foreldrafélags Krílakots

**1.gr.**

Félagið heitir *Foreldrafélag Krílakots*

**2. gr.**

Heimili félagsins og varnarþing er að *Krílakoti*

**3. gr.**

Tilgangur félagsins er að:

- a) Styrkja samstarf heimilia og leikskóla
- b) Styðja starfsemi leikskólans með ýmsum uppákomum
- c) Stuðla að framkvæmd mála í þágu leikskólans

**4. gr.**

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með að bjóða upp á samkomur þar sem foreldrar og börn eiga saman. Taka þátt í starfsemi leikskólans með uppákomum fyrir börnin eins og sveitaferð, jólaballi, leiksýningum ofl. Ef fræðsla eða námskeið er í boði fyrir foreldra þá kynna það fyrir foreldrum og halda námskeið ef foreldrar áhugi er fyrir því.

**5. gr.**

Félagsaðild:

Þegar barn byrjar á Krílakoti gerast foreldrar og/eða forráðamenn þess sjálfkrafa félagar í Foreldrafélagi Krílakots. Allir aðrir sem hafa áhuga geta orðið félagar.

**6. gr.**

Starfstímabil félagsins er almanaksárið. Á aðalfundi skal stjórn gera upp árangur liðins árs. Aðeins félagsmenn mega vera þátttakendur í aðalfundi.

**7. gr.**

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. október ár hvert og skal boða til hans með að minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Aðalfundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihlut mættra félagsmanna ræður úrslitum mála. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Lagabreytingar
5. Ákvörðun félagsgjalds
6. Kosning stjórnar
7. Önnur mál